

Matvælaráðuneytið
Skúlagata 4
150 Reykjavík

Hafnarfjörður, 01.02.2023
2023-01-0030
GÁÓ

Málefni: Breytingatillögur á reglugerð 963/2019 um dragnótaveiðar

Í tölvupósti dagsettu 18. 1 2023 óskaði Matvælaráðuneytið umsagnar Hafrannsóknastofnunar á erindi er varðar breytingatillögur á reglugerð 963/2019 um dragnótaveiðar. Breytingatillögurnar bárust frá Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar og eiga við svæðisbundnar lokanir fyrir dragnót við suðurströnd Íslands.

Hafrannsóknastofnun hefur áður tíundað það álit að fyrirbyggjandi rannsóknir sýni að áhrif dragnótaveiða á botn séu tiltölulega lítil og að forsendur svæðalokanna fyrir dragnót eru almennt ekki byggðar á líf- eða fiskifræðilegum rökum. Svæðalokanirnar og tímabil þeirra hafa helst byggt á forsendum málamiðlunar á milli hagsmunaaðila. Þessu er m.a. ítarlega gert skil í skýrslu starfshóps um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum, sem barst ráðuneytinu þann 5. september 2018.

Hafrannsóknastofnun getur því ekki tekið faglega afstöðu til þeirra breytingatillaga sem um ræðir.

Vert er að taka fram að óháð reglugerð um veiðar með dragnót við Ísland geta gilt aðrar forsendur fyrir lokunum s.s. vegna hrygningar nytjastofna, verndunar ungvíðis eða verndunar búsvæða sem þarf að skoða sérstaklega.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Guðbjörg Íste Ólafsdóttir